"Svona eru öll þín verk Árni...!"
Hugleiðingar um aðgerðir Alþingis
í kartöfluræktarmálunum.

2 bls. fol.

9.

„Svona eru öll þín verk, Árni!" sagði Ólafur gamli þegar Árni slepti einu selnum sem þeir veiddu varið það. Þetta kom mér til hugar er ég heyrði að efrideild Alþingis hefði felt heimildina til að takmarka innflutning á jarðeplum frá útlöndum, þótt svo skyldi fara að nægar birgðir íslenzkra jarðepla væru fyrir í landinu. Þó var nú ekki hér um annað að ræða en aðeins heimild, en ekki bann.

Árlega er verið að stetta því í nasir Íslendinga að þeir geti ræktað svo mikið af jarðeplum í landinu sjálfu, að óþarft sé að flytja inn eitt einasta pund af slíkri vöru. Árlega eru menn að fjargviðrast út af því að á þennan hátt fari svo og svo mikið af peningum út úr landinu, hálfar og heilar miljónirnar, að óþörfu, landsmönnum sviftir atvinnu o.s.frv. með slíku og þvílíku ráðleysi og er þetta vitanlega hverju orði sannara. En hvað gerir Alþingi sjálft til þess að varna þessu? Það neitar um heimild til þess að setja nokkrar hömlur á þetta, og er þetta öll uppörfunin sem menn fá frá þeirri hlið, til þess að vera nokkuð að braska í því að bjarga sér, og lík þessu eru „öll þess verk".

Eg hefi heyrt það borið fram, þeim til afsökunar, er heimildina feldu, að slíkar hömlur yrðu til þess að hækka verð á ísl. jarðeplum og að sú hækkun næði aðeins til Reykvíkinga einna. Ekki þurfti þetta nú að vera, því sjálfsagt er að gera ráð fyrir að þingmenn þeir er greiddu atkvæði á móti heimildinni hafi svo mikið vit í kollinum, að þeim hefði komið til hugar að setja undir þennan leka með því að setja hámark fyrir söluna, og hafa þeir gjört það á óþarfari vöru, t.d. á tóbaki; vindlum og vindlingum og er ekkert við því að segja, en þarna var fordæmið og e.t.v. víðar.

Nú hefir því verið haldið fram og ekki alveg að ástæðulausu, að borið hafi nokkuð á sýki í ísl. jarðeplum í ár og enda áður, þess vegna hafi birgðirnar verið minni og varan ekki góð; birgðirnar voru miklar, en við hinu mátti setja, með því að hafa vöruskoðun á öllum jarðeplum, bæði erlendum og innlendum. Munaði þar ekki miklu um einn kepp inn í sláturtíðinni, þótt jarðeplin hefðu orðið að lúta sömu lögum sem flestallar aðrar vörur sem háðar eru hinni víðtæku vöruskoðun, höftum og hömlum alls-konar og allri þeirri reikagátt og roxi; sem nú á sér stað um flesta hluti að þörfu og óþörfu flestum mönnum og viðskiftum til trafala og tröðkunar heilbrigðum viðskiftum í landinu.

"Svona eru öll þín verk Árni...!"
Hugleiðingar um aðgerðir Alþingis
í kartöfluræktarmálunum.
2 bls. fol.

6.

En m. a. o., hvaðan er sýkin aðkomin? [illegible] gnist frá erlendu jarðeplunum, að hún sé e. t. v. erlenda – og rándýra – erlenda áburðinum að kenna. Hvað sem um þetta er, þá væri líklegt, að allur búfræðinga- og garðræktarmannaskarinn í landinu væri búinn að komast fyrir hið sanna eða sennilega í þessu efni, en því er ekki að heilsa, þótt mikið fé sé varið fyrir störf þeirra á þessu sviði sem öðrum.

Þótt segja megi og sagt sé, að Íslendingum ætti ekki að vera vorkunn á að rækta nóg jarðepli handa sér í landinu sjálfu og standast samkeppni við erlend jarðepli, þá er því ekki að heilsa: Erlendir framleiðendur eru ekki neyddir til að kaupa svo rándýran áburð sem vér, þeir hafa allskonar vélar til stóryrkju, ólíkt betri og miklu ódýrari samgöngutæki og jafnvel vinnukraft, engan Ólaf Friðriksson til þess að viðhalda atvinnuleysi og eymdarskap verkalýðsins og drepa alla framfaraviðleitni og framkvæmdir í dróma, engan Héðinn til að fita – svona aukreitis – á ofurmagni erlendrar handstjórnar og engan Baldvinsson í bankastjórn óvitaskapar og fákunstu, en feitan þó.

Þetta er munurinn og svo koma þessir herrar, sem launaðir eru gnist með innlendu fé svo tugum þúsunda skiptir á ári hverju eða með erlendum mútufjám og segja: „Engar heimildir fyrir Íslendinga til tálmunar því, að fátæk alþýða berjist enn um hríð við vísvitandi rangsleitnis ráðstafanir okkar, sem látum vera – en erum ekki – að bæta hag hennar. Við erum enn ofmagnir sjálfir og þurfum að safna enn meira spiki kringum þjóðmappana, allt á kostnað alþýðunnar.“

Sá, er þetta ritar, hefir fulla sönnun fyrir því að þegar ágæt og gallalaus ísl. jarðepli hafa verið seld hér í vor á 20 aura kgr. hafa erlend jarðepli verið seld á 14 aura sama þyngd og að úr ísl. jarðeplunum gekk ekki eitt lóð hvað þá meira, en fullur þriðjungur var gjörsamlega ónýtur af erlendu jarðeplunum. Hvor þeirra urðu nú ódýrari, hvor þeirra fluttu meira fé út úr landinu, hvor þeirra veittu fleiri mönnum (alþýðufólki) meiri atvinnu. Þetta dæmi ætlast ég til að fjármálaspekingurinn og stóri krafturinn í þinginu, geti reiknað með líkingum og logarithmum þeim, sem hann hefir notað og notar enn til að finna út hið raunverulega rétta kaup sitt við að húka á þingbekkjunum og nenna ekki standa upp (losa þjóð við sæti sitt) þegar um eitthvert mál það er að ræða sem ísl. alþýðu má að gagni verða. Nú er hann ásamt fleirum búinn að koma heimildinni fyrir Kattarnef í þetta sinn. Hann gat ekki betur gert og á verðeigandi þakkir fyrir það, eins og allt annað sem hann hefir gert fyrir alþýðuna.

E. G.